Skólaráðsfundur 12. október 2021

Mættir: Erna skólastjóri, Guðbjörn fulltrúi starfsfólks, Þorgerður og Hildur fulltrúar kennara, Inólfur og Anna María fulltrúar foreldra, Viktor og Freyja fulltrúar nemenda.

Skólastjóri kynnti starfsáætlun og fundaráætlun fyrir veturinn: nóv-des, feb-mars, apríl-maí.

Halda fréttabréfinu gangandi. Heimasíða einfölduð og auðvelda leit á henni.

Skólapúlsinn kynntur fyrir foreldrum.

Skólalóðin ekki á fjárhagsáætlun þessa skólaárs, verður fyrir næsta skólaár.

Starfsáætlun.

Almennar upplýsingar, hagnýtar upplýsingar, mikið til einnig á heimasíðu. Uppfært á hverju ári lítillega.

Líðan vegna Covid og starf skóla.

Fulltrúi foreldra spyr um líðan vegna Covid. Skólastjóri svarar að skólapúlsinn leggja fram spurningar vegna þess í sinni könnun. Rannsóknin Ungt fólk gefur einnig mynd á líðan barna. Ekki vitað til þess að það standi til að gera eitthvað meira hjá Garðabæ. Annar fulltrúi foreldra spyr hvernig skólastarfið sé í ár vegna Covid. Skólastjóri spyr áfram fulltrúa nemenda og þeir svara að skólastarf sé nokkuð eðlilegt.

Skólastjóri upplýsir að foreldraviðtöl verði með hefðbundnum hætti. Skólinn hefur ekki verið galopinn og við höfum sloppið vel hingað til.

Fulltrúar nemenda segjast aðeins finna fyrir skertu skólastarfi námslega, komin í 10.bekk.

Skólinn.

Skólastjóri upplýsir að allir kennarar séu með réttindi og að einn kennari í sérkennslu sé í námi. Fækkun hefur verið á nemendum, þeir eru 397 núna. Stór árgangur útskrifaðist og minni árgangur kom nýr inn í 1.bekk. Eins og staðan er núna eru lausar stofur, höfum ekki lent í því áður svo getum stækkað örlítið án vandræða. Skólastjóri bendir á mikilvægi þess að skólalóðin verði tekin í gegn sem fyrst. Bæjarstjóri kom í heimsókn til að skoða.

Þróunarverkefni.

Gauti – orðskýringar í samf. + Garðask. Gauti fékk tilnefningu til ísl. menntaverðl.

21.aldar hæfi – allir skóla í Garðbæ.

Áhugasviðsverkefni + sérkennsla.

Fjölbreytt skólastarf.

Fulltrúar nemenda benda á að samþætting ísl. og samfl. Sé eitthvað sem þeim líkar vel við. Stundum langar lotur (80 mín). Kennarar eru að meta hvernig gengur og hvað má laga.

Þróunarverkefnum sem er ólokið er annars vegar Rætt til ritunar og hins vegar Stærðfræði úti og inni en þeim lýkur báðum áramót og það verður kynning á þeim á menntadegi.

Önnur mál.

Fulltrúi foreldra spyr hvort enn vanti bekkjarfulltrúa. Skólastjóri segist vera að ganga frá þessu, sé að biðja foreldra frá því í fyrra að vera áfram. Fulltrúi foreldra bendir á að mikilvægt sé að virkja foreldra aftur eftir covid. Skólastjóri vonar að hægt verði að hafa fund í foreldrafélaginu sem fyrst.

Fundi slitið.